



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þann 9. september 2026 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins að Túnbraut 1-3 og hófst hann kl. 16:30.

Á fundinn voru mætt Ragnheiður Erla Stefánsdóttir (RES) oddviti, Eydís Inga Sigurjónsdóttir (EIS) varaoddviti, Vigdís Elva Þorgeirsdóttir (VEP), Davíð Birkir Tryggvason (DBT) og Ragnar Rögnvaldsson (RR).

Jafnframt sat Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ) sveitarstjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Viðstaddur áhorfandi: Halldór Gunnar Ólafsson.

Oddviti bauð fundarfólk velkomið og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki og telst fundurinn því lögmætur.

Sveitarstjóri óskaði eftir því að fá að leggja fram erindi frá Norðurá bs. dags. 24.08.2026. Var það samþykkt og verður málið tekið fyrir sem dagskrárliður 13 á fundinum og færast aðrir dagskrárliðir aftur sem því nemur.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2027 og þriggja ára áætlun 2028-2030

Sveitarstjóri lagði fram tillögu að tímaáætlun við vinnu við fjárhagsáætlun 2027 og þriggja ára áætlun 2028-2030.

Til máls tóku: ÓÞÓ, EIS, DBT og RES.

Framlögð tímaáætlun er samþykkt samhljóða. Sveitarstjórn leggur áherslu á að opinn íbúafundur verði haldinn í tengslum við vinnu við fjárhagsáætlun og felur sveitarstjóra að bæta þeim lið inn í framlagða áætlun.

2. Fjárhagsáætlun 2026

Sveitarstjóri lagði fram tillögu að viðauka nr. 1 við fjárhagsáætlun 2026.

Til máls tóku: ÓÞÓ, DBT og EIS.

Viðauki nr. 1 við fjárhagsáætlun 2026 er samþykktur samhljóða.

3. Persónuverndarstefna Sveitarfélagsins Skagastrandar

Erindi frá persónuverndarfulltrúa Sveitarfélagsins Skagastrandar dags. 25.08.2026 þar sem lögð eru fram drög að nýrri persónuverndarstefnu sveitarfélagsins.

Til máls tóku: ÓÞÓ, DBT, VEP.

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu málsins.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "VEP", "DBT", "RES", and "ÓÞÓ".



4. Erindisbréf fastanefnda Sveitarfélagsins Skagastrandar

Erindisbréf fastanefnda sveitarfélagsins Skagastrandar lagðar fram til umfjöllunar og staðfestingar. Um er að ræða erindisbréf fyrir hafnar- og skipulagsnefnd, tómstunda- og menningarmálanefnd, atvinnu- og ferðamálanefnd og fræðslunefnd.

Til máls tóku: RES.

Samþykkt samhljóða að erindisbréf fastanefnda sveitarfélagsins verði efnislega óbreytt frá fyrra kjörtímabili og sveitarstjóra falið að ganga frá útgáfu þeirra.

5. Fasteign að Hafnarlóð 9

Minnisblað frá sveitarstjóra dags. 07.09.2026 varðandi Hafnarlóð 9, Skagaströnd og uppbyggingu sundlaugar og náttúrulauga.

Til máls tóku: ÓÞÓ, RES, RR, VEP, DBT, EIS.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að vinna að viljayfirlýsingu milli Sveitarfélagsins Skagastrandar og Tómasar Ragnarz, eða félaga á hans vegum, um kaup hans á húsi á Hafnarlóð 9 og uppbyggingu hóteltarfstemi þar, auk sundlaugar á öðrum stað. Málinu er jafnframt vísað til umfjöllunar í hafnar- og skipulagsnefnd og atvinnu- og ferðamálanefnd.

6. Haustþing Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi Vestra 2026

Erindi frá framkvæmdastjóra SSNV dags. 31.08.2026 þar sem boðað er til haustings SSNV 2026. Þingið mun fara fram 01.10.2026 á Hótel Laugabakka.

Til máls tóku: ÓÞÓ.

Lagt fram.

7. Loftslagsstefna Íslands og sveitarfélög

Glærur frá samtalsfundi sem fór fram 01.09.2026 á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi Loflagsstefnu Íslands og sveitarfélög. Á fundinum var farið yfir þær breytingar sem eru framundan í loftlagsskyldum sveitarfélaga.

Til máls tóku: ÓÞÓ, DBT.

Lagt fram.

8. Meðhöndlun lífúrgangs á Íslandi

Skýrsla frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags í apríl sem ber heitið „Meðhöndlun lífúrgangs á Íslandi. Núverandi staða, afkastapörf og mögulegar lausnir“.

Til máls tóku: ÓÞÓ, RES, EIS, RR, DBT.

Lagt fram.

9. Stofnfjárframlög til samfélagssinnaðra leigusala

Erindi frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun dags. 02.09.2026 þar sem auglýst er eftir umsóknum um stofnframlög til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2026 og reglugerð nr. 183/2020.

Til máls tóku: ÓÞÓ,

Handwritten signatures and initials in blue ink: VEP, RES, DBT, RR, and a large signature.



Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að halda áfram með samtal við félögin Brák og Brieti um samstarf um uppbyggingu íbúða á Skagaströnd.

10. Fyrirkomulag á upplýsingagjöf sveitarstjóra

Tillaga frá S-lista Samfylkingarinnar og óháðra um að skýrslu sveitarstjóra verði gerð skil í fundargerð með það að markmiði að auka gagnsæi og upplýsingagjöf til íbúa um stöðu og starfsemi sveitarfélagsins. Jafnframt er lagt til að sveitarstjóra verði falið að undirbúa útsendingu sveitarstjórnarfunda samhliða innleiðingu nýrrar heimasíðu sveitarfélagsins með íbúagátt, með það að markmiði að auka aðgengi íbúa að störfum sveitarstjórnar og styrkja upplýsingamiðlun

Til máls tóku: RES, ÓPÓ, VEP, DBT, EIS, RR.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

11. Reglulegir viðtalstímar kjörinna fulltrúa

Tillaga frá S-lista Samfylkingar og óháðra og B-lista Framsóknar og óháðra um reglulega viðtalstíma kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn með íbúum.

Til máls tóku: RES, VEP, EIS, RR, DBT, ÓPÓ

Tillagan er samþykkt samhljóða.

12. Atvinnumál- og atvinnuuppbygging í Sveitarfélaginu Skagaströnd

Tillaga frá S-lista Samfylkingar og óháðra og B-lista Framsóknar og óháðra um að Atvinnu- og ferðamálanefnd að fara yfir tillögur og hugmyndir sem fram hafa komið á íbúðingum sem haldin hafa verið á Skagaströnd undanfarin ár er varða atvinnumál og atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu.

Nefndin meti meðal annars hvort þær forsendur og aðstæður sem voru til staðar við fyrri íbúðing hafi breyst með þeim hætti að tilefni sé til að halda nýtt íbúðing um atvinnumál og framtíðarsýn í atvinnuuppbyggingu sveitarfélagsins, eða hvort unnt sé að byggja á þeim niðurstöðum og tillögum sem þegar liggja fyrir.

Jafnframt meti nefndin hvort tilefni sé til að leita sérfræðipjónustu á sviði atvinnuþróunar og atvinnuuppbyggingar, og þá með hvaða hætti og á hvaða sviðum slík aðkoma gæti nýst best.

Markmið þeirrar vinnu verði að styrkja atvinnulíf á Skagaströnd, skapa ný atvinnutækifæri og efla forsendur fyrir fjölbreyttari atvinnustarfsemi til framtíðar.

Atvinnu- og ferðamálanefnd skili sveitarstjórn greinargerð og tillögum að næstu skrefum þegar yfirferð og mat nefndarinnar liggur fyrir. Íbúafundur verði haldinn til að kynna og ræða niðurstöður.

Til máls tóku: RES, RR, EIS, DBT.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

13. Tilboð í eftirlit með lokuðum urðunarstöðum.

Erindi frá stjórn Norðurár bs. dags. 24.08.2026 þar sem óskað er eftir afstöðu aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins til tilboðs frá ReSource vegna eftirlits með lokuðum urðunarstöðum og þess að Norðurár bs. verði samningsaðili í málinu fyrir hönd sveitarfélaganna.

VEP
RES
DBT
RR
22



Til máls tóku: ÓÞÓ, RR, DBT, EIS

Afgreiðslu er frestað og sveitarstjóra falið að vinna í málinu.

14. Upplýsingagjöf sveitarstjóra

ÓÞÓ lagði fram minnisblað um stöðu ýmissa verkefna og fylgdi því eftir. Í minnisblaðinu koma m.a. eftirfarandi:

- Farið var yfir stöðu mála varðandi ráðningar í lausar stöður hjá sveitarfélaginu.
- Rætt var skólastarf sem er komið í fullan gang, m.a. kom fram að haustfundur vegna farsældar verður haldinn 18.09.2026.
- Leitað hefur verið til KPMG með aðstoð við verkefni á skrifstofu sveitarfélagsins á meðan ekki er búið að ganga frá ráðningu í allar stöður.
- Samtal er hafið við Húnabyggð um samtarf um embætti skipulagsfulltrúa. Ekki hefur borist fomlegt svar við erindi vegna verkefnisins.
- Rætt var um stöðu mála hjá slökkviliði.
- Lokasprettur við framkvæmdir á Spákonufellshöfða standa yfir nú í september og stefnt að formlegri opnun í lok mánaðarins.
- Rætt var um vegaskemmdir sem eru við húsið við Vík við Strandgötu. Fram kom að viðgerðarflokkur frá Vegagerðinni er væntanlegur á næstu dögum til að gera við skemmdina.

Til máls tóku: ÓÞÓ

Lagt fram.

15. Bréf

14.a Laura ehf, dags. 21.08.2026

Varðar lóðina Einbúastíg 8, Skagaströnd.

Til máls tóku: RES, ÓÞÓ.

Erindinu er vísað til umfjöllunar í hafnar- og skipulagsnefnd.

16. Fundargerðir

10.a Aðalfundur Sjávarlíftækni- og skipulagsnefndar BioPol ehf

Fundargerð aðalfundar Sjávarlíftækni- og skipulagsnefndar BioPol ehf. sem fór fram 31.08.2026.

Til máls tóku: RES

Lagt fram.

10.b. 51. fundur Fagráðs – málefni fatlaðs fólks

Fundargerð 51. fundar Fagráðs – málefni fatlaðs fólks, sem fór fram 31.08.2026.

Til máls tóku: RES.

Lagt fram.

15.c 143. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Fundargerð 143. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, sem fór fram 31.08.2026.

VEP
DBT
RES
RK
G21
Gri



Til máls tóku: RES.

Lagt fram.

15.d 1001. fundur stjórnar Samband íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð 1001. fundar stjórnar Samband íslenskra sveitarfélaga, sem fór fram 28.08.2026

Til máls tóku: RES, ÓÞÓ.

Lagt fram.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 18:50.

Ragnheiður Jónsdóttir
Eydis frýs Sigríðsdóttir
Vigdís Elva Þorgeirsdóttir
David Birgir Þryggason
Ragnr Ragnvaldsson
Alh W. Alh